

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar
vegna íbúðarbyggðar á Bíldudal.

Skipulagsstofnun staðfesti 28. maí 2021 breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 sem samþykkt var í bæjarstjórn 17. mars 2021.

Í breytingunni felst að svæði fyrir íbúðarbyggð við Hafnarbraut er stækkað til að koma fyrir lóð fyrir 10 íbúða fjölbýlishús.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 28. maí 2021.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. júní 2021